



Hagstæðast fyrir barnafjölskyldur að búa á Seltjarnarnesi

Lág leikskólagjöld

Tómstundastyrkur á hvert barn kr. 50.000

Leikskólapláss í boði frá 14 mánaða aldri


Foreldrar fá kr. 65.000 fyrir hvert barn hjá dagforeldrum

Seltjarnarnes er draumasveitarfélagið



Kvikla eftir Ólöfu Nordal. Mynd ummín af Elsu Nielsen.

Nýlega útnefndi tímaritið Vísbanding Seltjarnarnes „Draumasveitarfélagið“ en niðurstaðan var fengin með því að bera saman rekstrarlegar forsendur meðal sveitarfélaga á landinu og voru þær byggðar á ársreikningum síðasta árs. Einkunnagjöf Seltjarnarness var 9,3 og var bæjarfélagið fyrst sveitarfélaga til að fara upp fyrir 9,0 í þessari árvissu úttekt Vísbandingar.



Fyrirmyndar ungmenni

Í könnun Capacent gefa íbúar þjónustu Seltjarnarnesbæjar og umhverfi toppeinkunn og hafa gert það undanfarin ár. Könnunin varpar ljósi á grunnstoðir bæjarfélaga, svo sem leik- og grunnskóla, íþróttaiðkun, gæði umhverfis, menningarmál og þjónustu við eldri borgara og fatlaða ein-

staklinga. Greining lögreglunnar sýnir einnig fram á að á Seltjarnarnesi er glæpatíðni með því lægsta sem gerist á landinu auk þess sem Rannsóknir og greining hafa varpað ljósi á að reykingar og vímuefnaneysla ungmenna í grunnskólanum er nánast óþekkt í bæjarfélaginu.



92% íbúa ánægðir

Samkvæmt árlegri þjónustukönnun sem Capacent gerir meðal sveitarfélaga eru 92% íbúa Seltjarnarness ánægðir með búsetuskilyrði í bæjarfélaginu. Bærinn fær einkunnina 4,5 af 5 mögulegum og er í hópi þriggja hæstu sveitarfélaga landsins.



LEIÐARI BÆJARSTJÓRA:

Samstarf skilar sér í betra samfélagi

Mikil uppbygging á sér stað um þessar mundir á Seltjarnarnesi og bæjarfélagið stendur styrkum fótum. Mikið af nýju húsnæði er í byggingu og fjölbreyttir búsetukostir eru í boði. Þær jákvæðu niðurstöður sem rannsóknir og kannanir á vegum Vísendingar, Capacent og Rannsóknna og greiningar sýna að bæjarbúar una hag sínum vel á Seltjarnarnesi. Á Seltjarnarnesi er gott að festa rætur, búa börnin sín út í lífið, rækta fjölskylduböndin og eiga áhyggjulaust ævikvöld. Það er mikilvægt að starfsemi bæjarins standi undir væntingum íbúa og uppfylli það ætlunarverk sitt að hlúa að börnum og fjölskyldufólki.

Létt undir með bæjarbúum

Bæjarstjórn hefur beitt sér á margvíslegan hátt til að létta undir með íbúum. Má þar nefna að nýlega var tómskundastyrkur barna frá 6 til 18 ára aldurs hækkaður upp í 50.000 krónur á ári frá og með janúar 2015. Fasteignagjöld verða lækkuð um 5% frá áramótum niður í 20% og eru, eftir því sem næst verður komist, þau lægstu á landinu. Útsvarsprósentan er einnig með því sem gerist lægst á landsvísu eða 13,66%.

Bæjarstjórn og starfsmenn bæjarfélagsins leggja sig fram um að hlusta eftir því hvaða þjónusta skiptir máli fyrir bæjarbúa. Að baki þeirrar aðferðafræði liggur

sú sannfæring að samstarfið skili sér í betra samfélagi og hagkvæmari rekstri.

Sérstaða Seltjarnarness felst í nánd íbúanna. Hún felst einnig í hinu einstaka umhverfi sem rannsóknir byggðina okkar inn. Gróttan og Vestursvæðin eru annálaðar náttúruperlur með ríkulegu fuglalífi og hafið og strandlengjan umlykja okkur á þrjú vegu.

Ég óska bæjarbúum til hamingju með 40 ára kaupstaðarafmæli Seltjarnarness og vona að þeir njóti þess áfram að búa á Nesinu. Um leið býð ég nýja íbúa velkomna í þennan góða hóp.

Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri Seltjarnarness



Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri með fríðum flokki iðjusamra ungmenna á Nesinu.

Örugg búseta, öflugar forvarnir

Fá sveitarfélög á landinu búa við jafn lága afbrot- og slysatíðni og íbúar Seltjarnarness, samkvæmt gögnum frá lögregluembættinu. Á árunum 2004–2012, eða á átta ára tímabili, voru einungis skráð tvö slys með alvarlegum meiðslum og 17 með litlum meiðslum, sem er með því allra minnsta sem

mælst hefur á landsvísu. Frá árinu 2012–2013 var fjöldi tilkynntra innbrota 0,7% á hverja 1000 íbúa. Að mati lögreglunnar hefur öflugt forvarnarstarf ólíkra hagsmunahópa í bæjarfélaginu sitt að segja um þessar niðurstöður. Forvarnarstarf í bænum er afar virkt og hefur verið um alllangt skeið.



Góð umferðarmenning



Í reglubundnum hraðamælingum lögreglunnar síðastliðinn október óku aðeins 4% ökumanna yfir löglegum ökuhraða. Meðalhraði þess 101 ökutækis, sem vaktað var, var 45 km/klst þar sem leyfilegur hraði var 50 km/klst. Vöktun lögreglunnar á Seltjarnarnesi er liður í umferðareftirliti hennar á höfuðborgarsvæðinu.

Útgefandi: Seltjarnarnesbær

Ritstjórn: Soffía Karlsdóttir, sviðsstjóri menningar- og samskiptasviðs Seltjarnarness

Ritstjórn og prófarkalestur: Nína Hjördís Þorkelsdóttir

Hönnun og umbrot: Elsa Nielsen, nielsen.is

Ljósmyndir eru flestar úr myndasafni Seltjarnarnesbæjar

Prentun: Isafoldarprentsmiðja

Dreifing um allt land 29. desember 2014

KYNSLÓÐABILÍÐ AFMÁÐ

Almenn ánægja er meðal eldri borgara á Nesinu í félagsstarfinu sem þar fer fram. Fjölbreytt námskeið eru í boði meðal annars í gler- og leirlist auk þess sem boðið er upp á listasmíðju og kennslu í bókbandi ásamt almennri handavinnu. Reglulega er stundað jóga og farið í gönguferðir. Boðið er upp á vatnsleikfimi tvisvar í viku, kvölds og morgna. Frítt er í sund fyrir 67 ára og eldri. Alla föstudaga er samsöngur og boðið er upp á bingó og félagsvist. Til hátíðarbrigða eru haldin grillkvöld, vorhátíð, aðventukvöld og nikkukvöld. Þá hefur einnig

tekist á gott samstarf með félagsstarfi aldraðra, kirkjunnar og Bókasafni Seltjarnarness. Eina kvöldstund í mánuði

skipuleggur Ungmennaráð Seltjarnarness viðburð fyrir eldri borgara sem fram fer í félagsaðstöðu unga fólksins.



Félagsstarf aldraðra er afar fjölbreytt á Nesinu og Ungmennaráð Seltjarnarness leggur þar sitt af mörkum.

Seltirningabók í rafrænni útgáfu


Í tilefniaf40árakaupstaðarafmæli Seltjarnarness á þessu ári samþykkti bæjarstjórn að ráðast í gerð rafrænnar útgáfu á Seltirningabók eftir sagnfræðinginn og Seltirninginn Heimi Þorleifsson, en bókin

hefur verið ófánleg um alllangt skeið. Aðgangur að bókinni er öllum að kostnaðarlausu.

Í bókinni er að finna mikinn fróðleik um þróun mannlífs og sveitarstjórnar í ört vaxandi

byggð, en bókinni er skipt upp í sex hluta. Sá fyrsti fjallar einkum um landamerki og sveitarstjórn, annar um landsvæði núverandi kaupstaðar, þriðji um útgerð, fjórði um skólalald, fimmti um félagsstarfsemi á Nesinu og

sjötti um kirkjuhald. Í bókarlok eru ítarlegar heimilda-, mynda- og nafnaskrár. Það var Seltirningurinn Guðmundur Einarsson sem átti veg og vanda að útgáfunni.



Fyrirmyndarstofnun og Stofnun ársins 2014

Fyrr á þessu ári hlaut fjárhags- og stjórnsýslusvið Seltjarnarnesbæjar nafnbótina Stofnun ársins–Borg og bær árið 2014 í flokki minni stofnana og fræðslusvið bæjarins fékk þriðju verðlaun í hópi stærri fyrirtækja. Þá hlutu bæði sviðin viðurkenningu sem Fyrirmyndarstofnun ársins 2014. Önnur svið innan bæjarins lentu einnig ofarlega á listanum. Þessi

einstaki árangur þykir endurspegla þann kraft og metnað sem starfsfólk Seltjarnarnesbæjar býr yfir og er góð hvatning til að halda áfram á sömu braut og hlúa að því sem betur má fara.



„Mikil gæfa að eignast rætur í slíkri byggð“

Í tilefni 40 ára afmælishátíðar Seltjarnarnesbæjar síðastliðinn apríl flutti forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, ávarp þar sem hann rifjaði meðal annars upp ár sín sem ungur faðir á Seltjarnarnesi. Hér má sjá brot úr ræðunni.



Ólafur Ragnar Grímssyni forseta var ákaft fagnað þegar hann heimsótti Mýrarhúsaskóla á afmælishátíð bæjarins 9. apríl síðastliðinn.



Glaðbeittur hópur starfsfólks á bæjarskrifstofu Seltjarnarness með viðurkenningar. Efri röð: Stefán Bjarnason, Sigrún Halla Gísladóttir, Ingibjörg Ólvisdóttir, Alda Gunnarsdóttir og Gunnar Lúðvíksson. Neðri röð: Gyða Jónsdóttir, Helga Vallý Björgvinsdóttir, Auður Danielsdóttir og Ása Þórðardóttir.

Lág leikskólagjöld og lágur inntökualdur

Inntökualdur leikskólalabarna á Seltjarnarnesi er sá lægsti sem um getur á höfuðborgarsvæðinu, en í haust voru tekin inn í leikskóla Seltjarnarness börn frá 14 mánaða aldri. Leikskólagjöld á Seltjarnarnesi eru einnig með því lægsta sem gerist

á höfuðborgarsvæðinu hvort sem miðað er við fullt gjald á klukkustund á mánuði, átta klukkustunda vistun með eða án fæðis. Þá er systkinaafsláttur með því sem best lætur, það er 50% fyrir annað barn og 100% fyrir þriðja eða fleiri börn.

„Fjörutíu ár eru liðin síðan Seltjarnarnes varð bæjarfélag, hreppurinn fékk hið virðulega heiti og við, sem þá vorum önnur kafin við að stofna hér heimili, heilsuðum Reykvíkingum hnarreistari en áður. Þó hafði hreppurinn haft sinn sjarma, fjölskyldur kenndar við gömlu húsin, götulýsing af skornum skammti, kríuvarpið rétt hjá okkur á Barðaströnd, fjaran opin í veðurofsa, túnin stór, Valhúsaheðin enn eins og skáldin lýstu og Plútóbrekkan kjörin fyrir sleðaferðir. Þegar við Búbba vorum að keyra Döllu og Tinnu í tvíburakerrunni hér um hálfbyggðar götur, gangstéttir

vantaði víða, var þessi gamla veröld Seltjarnarnessins enn lifandi veruleiki; nánast eins og þorp í sveit; höfuðborgin annar heimur í stuttu ökuferri. Það var okkur mikil gæfa, líkt og ykkur öllum, að eignast rætur í slíkri byggð, njóta þeirra forréttinda sem fegurð og andstæður náttúrunnar fela í sér; en umfram allt að tengjast mannlífinu sem Seltjarnarnes hélt áfram að fóstta. Á margan hátt er það undrunarefni hvernig Seltjarnarnesi hefur tekist að varðveita og styrkja sjálfstæðan bæjarbrag hér við túnfót Reykjavíkur. Í þeim efnum eiga skólarnir og íþróttirnar

ríka hlutdeild – vettvangar kenndir við Gróttu, Mýrarhús og Valhúsin; vitnisburður um hvernig gömul kennileiti lifa áfram í menntun og þjálfun æskunnar. Ungu fólkíð hefur fengið hér notadrjúgt veganesti – um það get ég borið vitni; vinir sem dætur mínar eignuðust á fyrstu skólaárum eru það enn og fylgja nú hér margir börnum sínum á æfingar og í tónlistartíma.“

Þess má geta að viðtal við Ólaf Ragnar Grímsson er einnig að finna í 40 ára afmælisriti Seltjarnarnesbæjar.



Sælir nemendur Leikskóla Seltjarnarness.



Það var þorpsbragur á Seltjarnarnesinu þegar dætur Ólafs Ragnars og Guðrúnar Katrínar, þær Dalla og Tinna, voru að alast þar upp.



Ólafur Ragnar telur það mikla gæfu og forréttindi að eiga rætur í slíkri byggð sem Seltjarnarnes er.

Framtíðarskref í umhverfismálum

Á umhverfisþingi með íbúum Seltjarnarnesbæjar, sem haldið var á þessu ári, lögðu íbúar áherslu á að framtíðarskrefin fælust í bættari samgöngum og aðstöðu fyrir hjólréiðafólk auk þess sem kallað var eftir fleiri strætisvagnatengingum við stofnleiðir og lykilstofnanir. Hagkvæm nýting á affalli heita vatnsins var nefnd og einnig stefnumörkun um um-

hverfisfræðslu og miðlun hennar auk aðstöðu fyrir útikennslu og náttúruskoðun. Lagt var til að nota trjágróður markvisst til skjólmyndunar í almenningssýmum og að útbúa aðstöðu fyrir matjurtagarða. Þá var íbúum hugleikið að tekin yrði innan fimm ára stefnumótandi afstaða til uppbyggingar ylstrandar, golfvallar og annarrar útivistaraðstöðu.



Ylströnd og matjurtagarðar eru m.a. það sem íbúar vilja sjá í framtíðinni á Seltjarnarnesi.

Árið 2013 komu
178.242 gestir
í Sundlaug
Seltjarnarness



Fjölnota innkaupapokum var dreift á hvert heimili á Seltjarnarnesi í fyrra í því skyni að draga úr notkun á plasti.

Seltjarnarnesbær vill vera í fararbroddi þegar kemur að umhverfisvitund en í opinberum stofnunum eru maíspokar notaðir undir úrgang. Fyrirtæki hafa jafnframt verið hvött til þess að draga úr plastpoka-notkun. Fiskbúðin á Vegamótum hætti notkun plastumbúða og uppskar fyrir vikið umhverfisverðlaun Seltjarnarness.

Hreyfing sem hentar öllum



Seltirningar þurfa ekki að leita út fyrir bæjar-mörkin til að ástunda reglulega hreyfingu.



Í World Class er boðið upp á úrval opinna og lokaðra tíma og þar er sterkur félagsskapur kraftlyftingakvenna. Aðstaða til fótboltaæfinga er sérstaklega góð og hinn níu holu golfvöllur er einn sá eftirsóttasti á landinu. Trimmklúbbur Seltjarnarness er fjölmennur félagsskapur sem einnig leggur stund á hjólréiðar og Sundlaug Seltjarnarness var nýlega valin þriðja besta laugin á landinu en þar eru í boði sundnámskeið fyrir unga og aldna og hið rómaða sundlaugaflot hefur farið vel af stað. Á Eiðistorgi er Hreyfiland til húsa, en það er fjölskyldu- og barnvæn heilsurækt. Á torginu hefur Ballettskóli Guðbjargar einnig verið starfræktur um langt skeið, en hann býður upp á danskennslu fyrir ólíka aldurshópa. Fjölmargir nýta sér góða aðstöðu til sjósunds norðan megin á Nesinu, þar sem einnig er að finna útiæfingataki. Áhugafólk um sjóbretti sækir mikið í Nesið og á veturna er kjörið er að renna sér á sleða í Plútóbrekku eða á skautum á Bakkatjörn.



Metnaðarfull íþróttamannvirki

Hinn glæsilegi gervigrasvöllur við Suðurströnd var formlega vígður í ágúst árið 2006 en það var fyrrum bæjarstjóri Seltjarnarness, Jónmundur Guðmarsson, sem klippti á borðann og hleypti óþreyjufullum knattspyrnuunnendum inn á völlinn. Völlurinn hefur margsannað gildi sitt og leikur stórt hlutverk í öflugu íþróttastarfi Seltirninga en aðstaðan er af sumum talin ein sú besta á landinu. Í því samhengi má geta þess að Gróttu mun spila í 1. deild karla á næsta sumri.



Jónmundur Guðmarsson, fyrrum bæjarstjóri Seltjarnarness, klippir á borðann að nýjum, glæsilegum gervigrasvelli.

Harmonikkuball á hverju ári

Ungmennaráð Seltjarnarness vinnur fjölbreytt starf sem kemur ýmsum til góða. Meðal annars hefur það undanfarin sumur skipulagt harmonikkuball fyrir eldri

borgara. Nikkuballið brúar bil milli kynslóða og skapar vettvang þar sem fólk á öllum aldri hefur mætt og skemmt sér vel saman.




Harmonikkuballið fer jafnan fram á planinu við Slysavarnarhúsið.

Forvitnilegt

Á heimasíðunni seltjarnarnes.is má finna ýmsa forvitnilega hluti. Kortasjáin er í stöðugri þróun en þar er að finna örnefni og ítarlegar upplýsingar um fornleifaskráningu á Seltjarnarnesi. Á kortasjánni má líka finna teikningar af byggingum og lögnum allra húsa á Nesinu sem getur oft

komið sér vel. Á heimasíðunni er einnig Ljósmyndasafn bæjarins, sem nær langt aftur í tímann og sýnir myndir sem tekar eru við hátíðleg tækifæri eða dagleg störf. Þá má benda á nýlegan og afar áhugaverðan fyrirlestur um tímamótabyggingarlist á Seltjarnarnesi sem Pétur H. Ármannsson hélt fyrir á þessu ári.



**1. janúar
2014 voru íbúar
Seltjarnarness
4.381 talsins**



JÁKVÆÐ ÚTTEKT Á STARFI GRUNNSKÓLA SELTJARNARNESS

Menntamálaráðuneytið gerði úttekt á Grunnskóla Seltjarnarness vorið 2012 að ósk skólans, fræðslustjóra og skólanefndar. Niðurstöður úttektaraðila voru þær að við skólann fari fram mjög faglegt og gott skólastarf. Skólastarfið hvíli á herðum hæfra og reynslumikilla starfsmanna, góður andi og opin samskipti séu meðal starfsmanna og almenn ánægja með aðgengi að stjórnendum skólans. Foreldrastarf sé mjög gott við skólann og skapi mikilvægt bakland fyrir faglegt starf, að mati bæði stjórnenda og kennara, að nemendur virðast almennt ánægðir í skólanum, félagslíf sé mjög gott og gætt sé að hagsmunum nemenda t.a.m. með starfsemi nemendaverndarráða og nemendaráðs.



Valhúsaskóli fagnaði 40 ára afmæli á árinu rétt eins og bæjarfélagið.




Veglegt afmælistímarit

Seltjarnarnesbær fagnar 40 ára kaupstaðarafmæli á þessu ári og hefur af því tilefni efnt til ýmissa hátíðahalda og viðburða. Blásið var til veglegrar afmælis dagskrár á sjálfan afmælisdaginn 9. apríl og nýtt afmælistímarit leit dagsins ljós 24. júní og var því dreift á öll heimili á Nesinu og víða um landið. Bláðið má nálgast á Bókasafni Seltjarnarness og á síðunni seltjarnarnes.is.



Pappírstunna við hvert heimili



Rómantíkin við völd

Rómantískt sólarlagið og norðurljósaðyrðin laða að sér hundruð gesta á Seltjarnarnesið árið um kring og stígarnir sem liggja

hringinn í kringum Nesið njóta mikilla vinsælda gangandi, hlauðandi og hjólandi vegfarenda. Nú er í skoðun að breikka, tvöfalda og aðskilja helstu göngu- og hjólreiðastígana á Nesinu, en undirbúningshópur um bættar samgöngur skilaði þeim tillögum til bæjarstjórnar á þessu ári.





SELTJARNARNES

Hjúkrunarheimili við hafið

Unnið er að undirbúningi byggingar 40 rýma hjúkrunarheimilis á Seltjarnarnesi. Staðsetningin er á einum rómaðasta útsýnisstað bæjarins við Safnatröð. Stefnt er að því að heimilið verði tilbúið til notkunar árið 2016. **1**

Gróttu í góðum höndum

Gamla bryggjan í Gróttu hefur gengið í endurnýjun lífdaga með vaskri framgöngu Rótarýfélaga á Nesinu í samvinnu við bæinn. Guðmundur Ásgeirsson hefur staðið í stafni við endurgerðina en auk þess hafa Rótarýfélagar verið vakandi yfir verndun og viðhaldi á svæðinu. **2**

Norðurljós á Vestursvæðunum

Einstök útsýnisskilyrði eru á Vestursvæðunum til að njóta norðurljósanna. Á kyrrlátum og björtum vetrarkvöldum er tilvalið að leggja bílnum á stæðinu við Bakkatjörn, þar sem ljósmengun frá höfuðborgarsvæðinu er í algjöru lágmarki og njóta þessa stórkostlega ævintýris sem náttúran framkallar. Fleiri og fleiri eru að uppgötva þennan góða útsýnisstað en oft flykkjast ferðamenn, sem komnir eru langt að, við Gróttu þegar skilyrðin eru góð. **3**

Náttúruleg laug

Fótabað í Kvik, heitri steinlaug Ólafar Nordal við hákarlaskúrinn, er vinsæl afþreying meðal Seltíninga og annarra. Hið hagnýta listaverk er einstakt dæmi um það hvernig listamaður teflir saman náttúruauðlindum bæjarins við listræna sköpun, en sírennslu úr Hitaveitu Seltjarnarness heldur hitastiginu á vatninu í pottinum jöfnu og þægilegu. Verkið var afhjúpað árið 2005. **4**

Trimmklúbbur Seltjarnarness

Trimmklúbburinn, sem var stofnaður 1985, er skokkhópur sem kemur saman þrisvar í viku og hleypur um Nesið. Lögd er áhersla á fjölbreytt hlaup og að allir geti fundið sér hlaupaleiðir sem samræmast eigin getu og áhuga. **5**

Ylströndin á Seltjarnarnesi

Seltíningurinn, hugmynda-smiðurinn og listamaðurinn Sigurður K. Árnason hefur komið á framfæri hugmyndum um gerð ylstrandar milli Snoppu og Gróttu. Hugmyndir Sigurðar felast í því að styrkja garðinn sunnan megin með landfyllingarefni og veita heitu affallsvatni frá nálægri

borholu undir sandinn þannig að hann haldist heitur hvort sem sjór flæðir yfir hann eða ekki. Í hugmyndum Sigurðar er gert ráð fyrir búningaáðstöðu fyrir karla og konur, litlum móttökuskála þar sem hægt er að njóta útsýnis til vesturs, heitum potti og turni fyrir vaktmann. Sigurður hefur oft vakið athygli í bænum fyrir framsýni sína en fjölmargir minnst þess

einstaka framtaks hans að færa Seltjarnarnesbæ stóra stjörnu-kíkin að gjöf sem staðsettur er í Valhúsaskóla. **6**

Golfvöllurinn

Golfvöllurinn er staðsettur á ysta tanga Seltjarnarnessins. Þar er starfandi Golfklúbburinn Ness. Tilvalið er að slá nokkrar holar á góðviðrisdegi á golfvöllinum



ALLT TIL ALLS



í samneyti við fugla og fagra náttúru. **7**

Hreystivöllur

Hreystivöllur hefur nú risið við Valhúsaskóla en völluminn grundvallast á hugmynd Andrésar Guðmundssonar sem er einn af forsprökum Skólahreysti. Völlurinn er byggður upp sem þrautabraut þar sem hægt er að

keppa í hraða og hreysti. Áhugi Seltirninga á hreyfingu fer sívaxandi og til að mynda báru fulltrúar frá Valhúsaskóla sigur úr bótum í sínum riðli í Skólahreysti fyrir á árinu. **8**

Plútóbrekka

Tilvalið er að skella sér á þotu, sleða, bretti eða skíði í Plútóbrekku þegar þannig viðrar. **9**

World Class

Heilsuræktarstöð Word Class hefur fest sig í sessi sem miðstöð hreyfingar á Seltjarnarnesi. Þar er margvísleg líkamsrækt í boði; allt frá heitu jóga til kraftlyftinga. Svo er tilvalið að slappa af í sundlauginni eftir krefjandi æfingar. **10**

Systrasamlagið

Systrasamlagið setur svip sinn á bæjarbraginn á Seltjarnarnesi en þar bjóða systurnar Guðrún og Jóhanna Kristjánsdætur upp á gómsætt heilsufæði og heilsuvörur af ýmsu tagi. **11**

Safnatorfan

Á safnasvæði Seltirninga við Nesstofu við Seltjörn er margt fróðlegt að finna og sagan við hvert fótímál, einkum í kringum Nesstofu, sem er eitt elsta steinhús Íslands. Í Lyfjafraeðisafninu og Urtagarðinum hefur sögu lækninga á Íslandi verið haldið á lofti og ekki síður þeirra jurta sem löngum hafa komið við sögu læknisfræðinnar. Á safnatorfunni stendur vegleg bygging, safnhús, sem enn er í byggingu. **12**

Sundlaugin í sigursæti

Kósí, notaleg, hlýleg og róleg voru einkunnarorð sem álitsgjafar visir.is notuðu til þess að lýsa Sundlaug Seltjarnarness, en þeir völdu hana þriðju bestu laugina á landinu. Steinefnaríkt og salt laugarvatnið býr yfir lækningamætti og auðveldar sundtökin. Í lauginni var nýlega settur upp kaldur pottur sem er aðeins 4-5 gráður og tilvalinn til að vinna á slökun vöðvanna eftir erfiðar æfingar. **13**

Barna- og æskulýðsstarf í Seltjarnarneskirkju

Innan kirkjunnar er öflug starfsemi fyrir börn og ungmenntu. Sunnudagaskólinn er ætlaður yngstu börnunum en fer hann fram samtímis sunnudagsmessunni. Eldri börnin geta tekið þátt í 6-12 ára starfinu eða Æskulýðsfélaginu, en þessi tvö félög hittast einu sinni í viku. Messa er haldin hvern sunnudag kl. 11, eldri borgarar koma þar saman reglulega auk þess sem kirkjan státar af öflugum kór og organista. **14**

Kampusinn

Kampusinn stuðlar að minna skutli. Nálægð milli skóla, tónlistarskóla, íþrótt- og tómstundastarfs gerir það að verkum að stutt er fyrir börn að fara á milli og þau þurfa ekki að fara yfir hættulegar umferðargötur. Náið samstarf er milli skólanna og íþrótt- og tómstundafélaga og meðal annars má nefna að tónlistarskólinn býður nemendum upp á að sækja hjóðfærátíma á skólatíma. Foreldrar geta því haldið skutli í lágmarki – allt er á einum stað. **15**

ÖLLUM GERT KLEIFT AÐ STUNDA ÍÞRÓTTIR

Ný íþrótta-, tómstunda- og lýðheilsustefna hjá Seltjarnarnesbæ leit dagsins ljós í maí á þessu ári. Rík áhersla er lögð á að öll börn og ungmenni geti stundað íþróttir óháð efnahag og einnig er gerð krafa um að aðeins hæfir og

vel menntaðir einstaklingar fái stund til starfa innan íþróttafélaganna. Íþróttastarf á Seltjarnarnesi er fjölbreytt og innan íþróttafélagsins Gróttu starfar handknattleiks-, knattspyrnu-, kraftlyftinga- og fimleikadeild.

Hvað tómstundir varðar er fólgið í markmiðinu að tryggja börnum og ungmennum öruggt umhverfi þar sem unnið er markvisst gegn áhættuþegðun, svo sem einelti, ofbeldi, klámvæðingu og notkun vímuefna.



Fjölbreytt íþróttastarf er í boði fyrir börn og ungmenni á Seltjarnarnesi.



Allir fá sumarvinnu á Seltjarnarnesi

Seltjarnarnesbær útvegar öllum námsmönnum í bænum sem þess óska, frá 8. bekk til 25 ára aldurs, sumarstarf við þeirra hæfi. Störfin eru fjölbreytt en um er að ræða almenn garðyrkjustörf, verkamannastörf, skapandi sumarstörf, ýmis afleysingastörf auk Vinnuskólans sem er ætlaður elstu bekkjum grunnskóla. Einnig er ungmennum 20 ára og eldri boðin störf sem flokkstjórar og leiðbeinendur ævintýra- og leikjánaðskeiða og smíðavallar. Gagn-

kvæmur ávinningur er að fyrir komulaginu en bærinn hefur ekki þurft að ráða til sín sumarafleysingafólk þar sem nemendur hafa fyllt þau skörð yfir sumartímenn. Þetta á meðal annars við um störf í viðhaldsframkvæmdum við mannvirki á vegum bæjarins, stjórnun og aðstoð við leikjánaðskeið, afleysingar á bæjar-skrifstofum og bókasafni svo fátt eitt sé nefnt.


GRUNN- OG LEIKSKÓLABÖRN FÁ HOLLA OG KJARNGÓÐA FÆÐU

Síðastliðin tvö ár hefur verið gerð óháð úttekt á mótuneyti Grunnskóla Seltjarnarness. Samkvæmt skýrsluhöfundum hefur úttektin sýnt: „að nánast alltaf er farið eftir opinberum ráðleggingum hvað varðar hráefnisval og matreiðslu. Matseðillinn er mjög vel samsettur með tilliti til leiðbeininga Embættis landlæknis. Sykurnotkun í mótuneytunum er nánast engin og boðið er upp á besta hráefnið; þetta jafnast á við það sem gerist á bestu veitingastöðum“.




Ungur fræðir ungan í jafningjafræðslunni

Í sumar var mikið um að vera í ungmennahúsinu Skelinni á Seltjarnarnesi en þar fengu unglingar úr Vinnuskóla Seltjarnarness fræðslu frá jafnöldrum sínum. Jafningjafræðslan er verkefni á vegum Hins hússins í Reykjavík sem hefur verið starfrækt undanfarin ár. Unnið er eftir hugmyndafræðinni að „ungur fræði ungan“, en í því felst að forvarnir eru unnar af ungu fólki fyrir ungt fólk og fjallað um ýmis málefni, svo sem sjálfsmynd, kynlíf og vímuefni.



Seltirningar sigursælir í Upplestrarkeppninni

Nemendur úr Valhúsaskóla vermdu tvö efstu sætin í Stóru upplestrarkeppninni fyrr á þessu ári. Þetta voru þau Kári Rögnvaldsson, sem sigraði keppnina, og Sigurlaug Brynjúlfsdóttir, sem varð í öðru sæti.



Grunnskólabörn á Seltjarnarnesi stóðu sig vel í Stóru upplestrarkeppninni. Kári er í miðjunni og Sigurlaug til hægri.

Fjölskylduvænt bæjarfélag

Nú standa yfir miklar byggingarframkvæmdir á Seltjarnarnesi sem auka mjög á búsetumöguleika ungs fjölskyldufólks. Fjölbýlishúsin við Hróflsskálamel eru nánast fullkláruð, við Skerjabraut eru framkvæmdir nýlega hafnar á nýju fjölbýlishúsi og síðasti reiturinn sem byggður verður er Bygggarðareiturinn. Þar liggur skipulag þegar fyrir en um er að ræða einbýlis-, rað- og fjölbýlishúsabyggð.



Jákvætt viðhorf til náms og trú á eigin getu



Nemendur í Grunnskóla Seltjarnarness koma almennt vel út úr PISA-rannsókn OECD og er staðan að jafnaði betri en hún mældist árið 2000. Mælingar sýna jákvæða þróun lesskilnings og læsis á tímabilinu frá 2000 til 2012. Nemendur skólans standa nú jafnfætis jafnöldrum sínum á Norðurlöndunum og því sem almennt gerist á höfuðborgarsvæðinu.

Í PISA-rannsókninni 2012 var einnig lagt mat á

viðhorf og námshegðun nemenda. Niðurstöður sýna að nemendur á Seltjarnarnesi hafa almennt jákvæðara viðhorf til náms og meiri trú á eigin getu þegar kemur að stærðfræði en jafnaldrar þeirra á Norðurlöndum. Jafnframt hefur áhugi nemenda á Seltjarnarnesi á stærðfræði aukist stöðugt frá árinu 2003 og sjálfstraust eflst. Einnig kom í ljós að á Seltjarnarnesi er mun meira um styðjandi kennsluhætti en almennt gerist og að skólinn er kominn hvað lengst í leiðsagnarmati.

Tekið á vandanum


Þegar í ljós kom að nær þriðjungur fimmtán ára drengja á Íslandi getur ekki lesið sér til gagns, samkvæmt niðurstöðum PISA-könnunar OECD 2012, afréð Bókasafn Seltjarnarness að efna til lestrarvakningar meðal drengja í 9. og 10. bekkjum Valhúsaskóla. Rithöfundurinn Andri Snær Magnason hóf átakið með áhrifamiklum fyrirlestri, en auk þess hafði starfsfólk Bókasafnsins útbúið áhugasviðslista og setti upp sýningu til að kynna þær bókmenntir sem kynnu að höfða til hópsins. Í framhaldinu var ákveðið að koma upp unglingsdeild í Bókasafninu til að styðja enn frekar við átakið og lítur hún dagsins ljós í byrjun næsta árs.

fyrirlestri, en auk þess hafði starfsfólk Bókasafnsins útbúið áhugasviðslista og setti upp sýningu til að kynna þær bókmenntir sem kynnu að höfða til hópsins. Í framhaldinu var ákveðið að koma upp unglingsdeild í Bókasafninu til að styðja enn frekar við átakið og lítur hún dagsins ljós í byrjun næsta árs.

„Bómullardeild“ fyrir yngstu leikskólabörnin

Nýlega var opnuð deild fyrir allra yngstu leikskólabörnin á Seltjarnarnesi sem staðsett er á jarðhæð Seltjarnarneskirkju. Yngstu börnin eru aðeins 14 mánaða gömul en deildin er hluti af Leikskóla Seltjarnarness. Helga Lotta Reynisdóttir,

leikskólakennari segir að gott sé fyrir ungu börnin að vera í friði frá áreiti eldri barnanna „Ég kalla þetta stundum „bómullardeildina“ en hér hafa börnin einstakt tækifæri til að aðlagast nýjum veruleika utan veggja heimilisins,“ segir hún.



Rithöfundurinn Andri Snær Magnason hreif drengina úr 9. og 10. bekk Valhúsaskóla með sér þar sem hann fjallaði um mikilvægi og ánægju við lestur ólíkra bókmennta.

Ég kúys að búa á Seltjarnarnesi



Jón Ágúst Ólafsson

– Því það er til fyrirmyndar í alla staði.




Ástríður Sigurrós Jósðóttir

– af því að hér eiga álogur að vera lágar og það er dásamlegt að hafa útsýnið og nálægðina við náttúruna.



Jón Snæbjörnsson

– af því að hér liggja rætur mínar.



Sjöfn Þórðardóttir

– af því að hér eru framúrskarandi góðir skólar sem og framúrskarandi gott félags- og íþróttastarf, öflug og góð þjónusta við íbúana, útivistarparadís á höfuðborgarsvæðinu og vatnið er einstaklega hollt og gott fyrir líkama og sál.



Friðrik Friðriksson

– af því Nesið sameinar svo margt sem er eftirsóknarvert. Fyrir mig standa upp úr frelsi Vestursvæðanna og fuglalífð.



Blómlegt menningarstarf

Flaggstöng hins blómlega menningarlífs á Seltjarnarnesi er án efa Bókasafn Seltjarnarness sem fagnar 130 ára afmæli árið 2015. Af því tilefni verður opnuð unglíngadeild við safnið og efnt verður til fjölbreyttrar dagskrár. Jafnan er boðið

upp á sögustundir, lesringi, tónleika, höfundakynningar og ýmsar aðrar uppákomur í Bókasafninu auk reglubundinna listsýninga. Hátíðahöld í bænum eru fjölbreytt en þar má nefna 17. júní hátíðahöld, árlegar menningarhátíðir, Jóns-

messuhátíð, Gróttudag og ýmsar tilfallandi uppákomur og viðburði. Árlega er útnefndur Bæjarlistamaður Seltjarnarness sem lætur jafnan til sín taka á menningarsviðinu.



Mikill metnaður er lagður í 17. júní hátíðahöldin á Nesinu og bæjarbúar fjölmenna.



Hátíðahöld á Eldstorgi.



Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2014, Ari Bragi Káráson, tekur við viðurkenningu úr hendi bæjarstjórnar, Ásgerðar Halldórsdóttur.



Fiðlukvartett leikur í Félagsheimilinu á menningarhátíð bæjarins.



Á Jónsmessu er mikið um að vera bæði fyrir börn og fulloröna.

Sundlaug Seltjarnarness fyrir heilsurækt og slökun



Sundlaug Seltjarnarness markar sér ákveðna sérstöðu meðal sundlauga en vatn hennar er sérlega steinefnaríkt. Slíkt er talið hollt fyrir exemsjúklinga og fólk með viðkvæma húð. Nýlega bættist kaldur pottur við aðstöðuna sem sérstaklega er mælt með eftir erfiðar

æfingar. Hvert sumar er boðið upp á sundnámskeið fyrir börn en auk þess er boðið upp á vatnsleikfimi í sundlauginni fjórum sinnum í viku og námskeið fyrir fulloröna. Á síðustu misserum hefur verið boðið upp á sundlaugaflot í Sundlaug Seltjarnarness.



Vatnaboltaveisla í sundlauginni á Bæjarhátíðinni í ágúst.

Hagur af eigin hitaveitu



Heimilin á Seltjarnarnesi greiða að meðaltali 32.000 krónur á ári fyrir heitavatnsnóttun á meðan viðskiptavinir Orkuveitu Reykjavíkur greiða um 57.000 krónur og meðalheimili á landinu greiða rúmar 86.000 krónur.

Fjórar virkar borholur eru á Seltjarnarnesi sem skila bæjarbúum þessum ábata.

Flatarmál Seltjarnarness miðað við stórstraumsfjöru er um 2,9 km². Frá mörkum við Reykjavík eru u.þ.b. 2,4 km. Mesta breidd Nessins er um 1 km en mjóst er það um 500 m.

Sigurgeir einn farsælasti bæjarstjóri landsins

Sigurgeir Sigurðsson, fyrrverandi bæjarstjóri Seltjarnarness, er tengdur Seltjarnarnesi órjúfangelum böndum. Hann sat í sveitarstjórn í 40 ár og þar af var hann tæp 38 ár bæjarstjóri og sveitarstjóri. Þessi langi ferill er einsdæmi á Íslandi og þótt víðar væri leitað því á fjögurra

ára fresti tók hann þátt í frjálsum sveitarstjórnarkosningum þar sem málefni og listar voru lagðir fram. Sveitungar hans veittu honum jafnan brautargengi, sem sýnir að hann naut mikils trausts og virðingar í bænum.

Sigurgeir situr nú á friðarstóli. Eiginkona hans, Sigríður Gyða Sigurðardóttir, myndlistarkona, lést árið 2002. Sigurgeir nýtur nú efri árana í samvistum við börn sín þrjú, átta barnabörn og tvö barnabarnabörn.



Ungmennaráðið á Seltjarnarnesi á fulltrúa í öllum stærstu nefndum bæjarins.

Ungmennni í öllum nefndum bæjarins

Ungmennaráð Seltjarnarnesbæjar hefur nú annað árið í röð skipað fulltrúa í allar stærstu nefndir bæjarins með málfrelsi og tillögurétt. Samræmist þetta áherslu bæjarins um lýðræðislega þátttöku ungs fólks um málefni bæjarins. Á fundunum fá fulltrúar Ungmennaráðsins tækifæri til að ræða og meta stöðu sína í eigin samfélagi og grundvöll til að eiga samtali við aðra nefndarmenn sem starfa í stjórnsýslunni. Öflugt starf Ungmennaráðs Seltjarnarness hefur meðal annars stuðlað að einstökum árangri í nánast vímuefnalausum grunnskóla og hafa stjórnendur bæjarins því kappkostað að hlúa að hinu góða starfi ungmennanna.

Sex Grænfánar til Leikskólans á Seltjarnarnesi



Leikskólanum á Seltjarnarnesi hefur hlotnast sú fáheyrða viðurkenning að hafa verið sæmdur Grænfánanum sex sinnum. Starfsfólk leikskólans leggur mikinn metnað í umhverfisvernd og börnin eru virkir og jákvæðir þátttakendur. Þess má geta að Grunnskóli Seltjarnarness hefur einnig hlotið Grænfánann tvisvar.



Sigurgeir Sigurðsson var sveitar- og bæjarstjóri á Seltjarnarnesi í tæp 40 ár.



Unga fólkið tekur virkan þátt í stefnumótun bæjarfélagsins.

Innan bæjarmarka Seltjarnarness hafa verið skráðar 140 tegundir plantna sem er um 32% íslensku flórunnar.





Seltjarnarnesbær óskar landsmönnum árs og fríðar

Fjörutíu ára kaupstaðarafmæli Seltjarnarnesbæjar var fagnað á árinu með margvíslegum viðburðum. Við þökkum öllum sem lögðu hönd á plóg og fögnuðu tímamótunum með okkur.

Með þessu blaði, sem dreift er á hvert heimili á landinu, vill Seltjarnarnesbær bjóða landsmönnum að kynnast bæjarfélaginu og traustum innviðum þess.